

Borgarbyggð
Borgarbraut 14
310 Borgarnes

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
25. mars 2014 8.14.2	
Tilv. _____	



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 25. mars 2014
Tilvísun: UST20130800101/edk

Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf, dagsett 17. október 2013, þar sem áformað var að áminna Borgarbyggð, vegna frávíks frá starfsleyfi **urðunarstaðar Borgarbyggðar í landi Hamars** sem fram kom við reglubundið eftirlit þann 3. júlí. 2013, hvað varðar útrunnið starfsleyfi en starfsemi fer enn fram á urðunarsvæðinu. Allur atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, skal hafa gilt starfsleyfi, skv. gr. 7.1 í reglugerð 785/1999 um urðun úrgangs, urðun án starfsleyfis er því með öllu óheimil. Stofnunin vísar einnig í bréf dagsett þann 23. desember sl. þar sem mælt var til þess að móttöku og meðhöndlun sorps væri hætt á urðunarstaðnum og staðfesting þess efnis bærst stofnuninni eigi síðar en 14. janúar 2014. Þann 17. febrúar sl. sendi stofnunin fyrir mistök *Áform um dagsektir* til rekstraraðila án þess að áminning hefði verið gefin út en skv. verkferli Umhverfisstofnunar um beitingu þvingunarúrræða sem samræmist 48. gr. laga 55/2003 um meðhöndlun úrgangs eru dagsektir álagðar að undangenginni áminningu. Umhverfisstofnun biðst afsökunar á þessum mistökum. Þann 11. mars sl. barst svarbréf þar sem fram kemur að Borgarbyggð hyggst ekki beita sér til að koma frekar í veg fyrir urðun á urðunarsvæðinu, þar sem bæjarfélagið telji áframhaldandi urðun þar skásta möguleikann í stöðunni.

Umhverfisstofnun hefur ekki borist staðfesting á því að móttöku og meðhöndlun sorps sé hætt á urðunarstaðnum. Stofnunin veitir því Borgarbyggð áminningu vegna urðunarstaðar í landi Hamars, sbr. 2. mgr. 48. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Umhverfisstofnun veitir Borgarbyggð frest til að stöðva urðun á svæðinu og senda Umhverfisstofnun staðfestingu þess eðlis til og með 15. apríl 2014.

Sinni Borgarbyggð ekki tilmælum Umhverfisstofnunar innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að upphæð 500.000 kr á dag þar til úr er bætt, sbr. 2. mgr. 44. gr. reglugerðar nr. 739/2003.


Umhverfisstofnun bendir á að skv. 49. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Skal kærán borin fram við nefndina innan eins mánaðar frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur skv. 1. gr. laganna. Aðsetur nefndarinnar er að Skúlagötu 21, 101 Reykjavík.


Umhverfisstofnun vill vekja athygli á 1. gr. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 261/2012, þar sem segir að stofnunin innheimti gjald fyrir útselda vinnu sérfræðings við verkefni og þjónustu sem stofnuninni eru falin í lögum og reglugerðum og sem heimilt er að taka gjald fyrir. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá.

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa samband við Evu Dögg Kristjánsdóttur í síma 591-2000 eða með tölvupósti á eva.kristjansdottir@ust.is.

Gögnum og staðfestingu á úrbótum skal skila til Umhverfisstofnunar eða í tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, ust@ust.is.

Virðingarfyllst


Sigrún Agústsdóttir
sviðsstjóri


Eva Dögg Kristjánsdóttir
sérfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vesturlands

